



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

Almennt

Að venju fjallar skýrsla stjórnar um starfsárið frá aðalfundi til aðalfundar en reikningar félagsins sem lagðir eru fram á aðalfundi eru fyrir almanaksárið, að þessu sinni fyrir árið 2007.

Starfsemi Steinsteypufélagsins á starfsárinu 2007 - 2008 var með hefðbundnu sniði. Blómlegu starfi félagsins var haldið áfram og greinilegt að stjórnarmenn tóku alvarlega hlutverk sitt, vildu halda í hefðina og skila keflinu áleiðis til framtíðar. Steinsteypudagur var á sínum stað og tveir haustfundir en steypunámskeið á vori í stað vorfundar.

Skipan stjórnar

Töluverð breyting varð á samsetningu stjórnar á síðasta aðalfundi Steinsteypufélagsins, sem haldinn var 31. maí 2007. Gengu Haukur J Eiríksson formaður félagsins, Karsten Iversen varaformaður og Björgúlfur Pétursson úr stjórn og komu Guðmundur Guðmundsson, Jón Möller og Gylfi M Einarsson í stjórn í þeirra stað.

Áfram sátu í stjórninni þeir Einar Einarsson og Kai Westphal. Ný stjórn skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Einar Einarsson formaður

Kai Westphal varaformaður

Indriði Níelsson ritari

Gylfi M Einarsson, Jón Möller og Guðmundur Guðmundsson
meðstjórnendur

Framkvæmdarstjóri Steinsteypufélags Íslands er Indriði Níelsson og er þetta annað starfsár hans. Vífill Oddsson og Kristján Sveinsson eru skoðunarmenn þeirra reikninga, sem lagðir verða fram á þessum aðalfundi.

Stjórnin hélt 15 stjórnarfundi á starfsárinu 2007 til 2008. Reglan var að halda fundi hálfsmánaðarlega fyrri part ársins en heldur hægt á þegar fór að vora.

Félagar í Steinsteypufélagi Íslands



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

Félagar í Steinsteypufélagi Íslands eru einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtæki og stofnanir eru um 80 og einstaklingar á skrá eru um 130 en þar af eru greiðendur ekki nema tæplega 40. Heimta félagsgjalda hjá fyrirtækjum og stofnunum er verulega betri og segja má að þau haldi félaginu á lífi. Mikilvægt er að hafa sem flesta á skrá því félagið auglýsir atburði sína nánast eingöngu í gegnum tölvupóstlista. Sú nýbreytni var tekin upp á þessu starfsári að hafa aðgangseyri fyrir félagamun lægri fyrir félagsmenn heldur þá sem ekki eru meðlimir. Þetta er gert til að hvetja sem flesta til að gerast félagar og greiða félagsgjöld og umbuna þeim sem það gera.

Haustofundur um fylliefni

Fyrsti fundurinn á starfsárinu var haldinn þann 18. október 2007 en þá stóð Steinsteypufélagið fyrir námstefnu um fylliefni.

Flutt voru 6 erindi á námstefnunni

- 1) Pétur Pétursson jarðfræðingur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands fjallaði um kröfur til efniseiginleika steinefna í steinsteypu.
- 2) Rögnvaldur Gíslason, Nýsköpunarmiðstöð Íslands um hlutverk tilnefnds aðila (NB) og CE-merkingar.
- 3) Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, VGK Hönnun ræddi um efnisskort og skipulagsmál
- 4) Þorgeir S Helgason Petromodeli og Almennu verkfræðistofunni sagði frá prófunum á fylliefnum með tölvusjón og litrófsmælingu í PetroScope – ljósrafeindalegu mælitæki
- 5) Börge Wigum, VGK Hönnun fjallaði um áhrif brjóta á kornalögun, framleiðslueftirlit og CE-merkingar.
- 6) Kai Westphal, Mest fjallaði um sjónarmið steypuframleiðanda.

Fylliefnafundurinn var að öllu leyti vel heppnaður. Góð aðsókn, fyrirlesarar stóðu sig mjög vel og mikil umræða skapaðist og mörg sjónarmið komu fram. Meðal þess var eftirfarandi:

- Íslensku fylliefnin eru mjög misjöfn. Allt frá mjög sterkum og veðrunarþolnum yfir í efni með mjög slaka eiginleika. Í öllum landshlutum má þó finna hæf fylliefni.
- Bestu íslensku fylliefnin taka fram þeim erlendu fylliefnum sem verið er að flytja inn.
- Það er lagaskylda að fylliefnaframleiðendur standist kröfur um CE merkingu. Ákvörðun hefur verið tekin að erfiðleikastig vottunar sé skv flokki 2b sem þýðir m.a. að gerð er krafa um ytra eftirlit. Ekki voru allir fundarmenn sammála um að þetta væri eðlilegur flokkur.
- Ýmsum fylliefnaframleiðendum fannst að verið væri að gera lítið úr þeirra vinnu og



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

eftirliti. Þeir væru með bæði innra og ytra eftilit. Tekið var undir það af steypuframleiðendum. Þeir gerðu kröfur til fylliefnaframleiðandanna um vinnslu og eftirlit. Hvort það héti CE merking eða eitthvað annað væri ekki aðalatriði.

- Rætt var um lítinn skilning yfirvalda á hvaða verðmæti lægju í steinefnanámum. Lítið tillit væri tekið til þeirra í skipulagsvinnu. Sífellt dýrara væri að sækja efnin því efni næst notkunarstað væru að verða uppurin.
- Hugmynd kom fram um að hætta að kalla fylliefnin því nafni því það gæfi til kynna um væri að ræða ómerkileg uppfyllingarefni. Steinefni væri betra orð.
- Steypuframleiðendur töldu að aðalvandamálin við fylliefnin væri óstöðugleiki framleiðslunnar. Miklar sveiflur væru í kornakúrfum og eiginleikum. Þá kom fram að mikill munur er á vinnsluaðferðum hérlendis og þar sem best er erlendis þar sem efnunum er skipt í fleiri flokka og minni sveiflur væru.
- Stór kostur er að íslensku fylliefnin eru flest náttúruafni en erlendis hafa menn þurft í stórum stíl að brjóta efnin. Sandhluti slíkra efna nær ekki gæðum náttúrulegu efnanna. Kom fram að náttúrlegi hluti Aardalsnámunnar í Noregi mun verða uppurinn eftir 10 ár.
- Tækjabúnaður hefur verið þróaðir hérlendis í samvinnu við erlenda aðila sem metur bæði lögum og kornakúrfu á tiltölulega auðveldan hátt með tölvusjón. Þótt lögum og áferð kornanna sé eins mikilvæg og kornadreifing hefur ekki verið fram að þessu til tækjabúnaður til að mæla þetta á auðveldan hátt.

Verklýsingafundur 28.nóv 2007

Fundur um verklýsingar var haldinn hldinn í lok nóvember. Þar var fjallað um hlut hönnuða og ástand útboðs- og verklýsinga fyrir steypugerð og steypuvinnu.

Þessar lýsingar hafa í gegnum tíðina verið töluvert gagnrýndar fyrir að vera ekki nógu vandaðar og skrifaðar af nægilegri þekkingu. Niðurstöður nýlegra erlendra rannsókna benda til að þessi gagnrýni eigi við rök að styðjast því skv. þeim má rekja allt að helming steypuskemmda og mistaka til hönnunargalla.

Ýmsar breytingar sem hafa átt sér stað á síðustu árum hafa áhrif á gerð verklýsinganna. Nýjir staðlar hafa tekið gildi, nýjar steypugerðir komið á markað og breytingar hafa orðið á verklagi. Auk þess hafa hugmyndir manna um uppbyggingu verklýsinga verið að breytast.

Fyrsta erindið á námstefnunni átti Dr Ríkhartur Kristjánsson og hét það "Hvenær urðu verkfræðingar geldingar?" Ferskt og skemmtilegt erindi sem allir kunnu þó ekki að meta. Síðan fjallaði Karsten Iversen um staðla, Daði Þorbjörnsson um steypuframleiðslu og verklýsingar, Haukur J Eiríksson um burðarþolseiginleika og steypukröfur, Dr Börge Jóhannes Wigum um verklýsingu sem gerð var fyrir Tónlistarhús og kröfur til fylliefna og að lokum ræddi Dr Ólafur Wallevik um verklýsingar fyrir Súlpak steypu.



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

Verklýsingafundur Steinsteypufélagsins var góður, skemmtilegur og fræðandi. Fullur salur af fólki hlustaði á fyrirlesara fara á kostum og tók virkan þátt í umræðunum.

Meðal þess sem var rætt var gagnsemi og hættur við staðla, þeir gætu hindrað framþróun og skapandi hugsun. Stefna skyldi að því að skilgreina meir eiginleika steypu frekar en samsetningu. Rætt um vandamál hönnuða að skilgreina og gera kröfur til þeirra þátta sem þeir ekki hefðu komið nálægt og þekktu lítt. Sérstaklega að lýsa verklagi og steypugerð. Stefna skyldi að því að steypuframleiðendurnir kæmu sér upp stöðluðum verklýsingum sem hönnuðir gætu vísað í. Ýmis dæmi um ambögur í verklýsingum voru nefndar. Sjálfútleggjandi steypa lítur nokkrum öðrum lögmálum en hefðbundin steypa. Það þarf skilgreina aðrar stærðir fyrir þjálni þeirrar steypu.

Steinsteypudagurinn 2008

Steinsteypudaginn 2008 sem haldinn var 22. febrúar var með nokkru öðru sniði en undanfarin ár því dagskráin var mun fjölbreyttari og höfðaði til fleiri. Dagskránni var einnig skipt niður í þemu þannig að auðveldara væri fyrir fólk að sækja afmarkaða hluta dagsins. Þetta virðist hafa hrifið því metaðsókn var á ráðstefnuna um 160 manns.

Fyrsta þema dagsins var um ”steypufræði og rannsóknir”. Þar fjallaði Sveinbjörn Sveinbjörnson um trefjar, Hákon Ólafsson um veðrunarþol og Ólafur Wallevik um hágæðasteypu en auk þess fluttu þeir nemendur HR, Helgi Ólafsson, Grettir Haraldsson og sem fengu nemendastyrki Steinsteypufélagsins athylisverð erindi um brúareiningar og járnnum með plaststöngum.

Næsta þemað var ”hönnun” og þar ræddi Björn Marteinnsson um umhverfisáraun, endingu og viðhaldsþörf steypu og bar saman Akureyri og Reykjavík. Kristján Arinbjarnar sagði frá hljóðeinangrun í sambýlishúsum, Davíð Snorrason frá brunatilraun í Glasgow og þýskur sérfræðingur Knitcher fjallaði um samtengingar eininga.

Eftir hádegi var þemað ”framkvæmdir og arkitektúr” og komu þar fyrst Grafton arkitektar frá Írlandi og sögðu frá hönnun og byggingu háskóla í Mílanó. Guðmundur Hallsteinsson deildi reynslu sinni af terrassosteypu, Tryggvi Jónsson upplýsti okkur um Tónlistarhúsið og Halldór Páll Ragnarsson fjallaði um tvær athylisverðar framkvæmdir í Kaupmannahöfn. Að lokum kom sænski prófessorinn Sven Thelanderson og fræddi viðstadda um skýjakljúfa.

Það var mál manna að Steinsteypudagurinn hefði verið vel heppnaður að þessu sinni og að verið væri að þróa hann í rétta átt. Í tengslum við daginn var fyrirtækjum boðið upp á að vera með auglýsingabása fyrir framan salinn og þáðu það 3 fyrirtæki að þessu sinni. Mun betri aðstaða er fyrir framan þann sal sem notaður var að þessu sinni fyrir bása. Stefnan er að auka fjölda básanna í framtíðinni og miða dagskrána að einhverju leyti við það.



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

Grunnnámskeið í steypufræðum.

Vorfundur félagsins að þessu sinni var grunnnámskeið í steypufræðum. Það var beint að öllum köfnum steypuáhugamönnum og því var efninu þjappað fyrir hádegi. Karsten Iversen, Guðni Jónsson, Kai Westphal og Einar Einarsson sátum um fræðsluna. Námskeiðið var haldið á NMÍ og var vel sótt eins og allir atburðir félagsins á þessu starfsári. Milli 40 og 50 manns mættu.

Fréttabréf

Ákveðið var að gefa aðeins út eitt fréttabréf á starfsárinu en hafa það veglegra en áður. Einnig var ákveðið að fá auglýsingar í blaðið til að standa straum af kostnaðinum. Blaðið varð 20 síður með fjölbreytilegu efni. Það kom út í febrúar 2007.

.

Heimasíða félagsins

Steinsteypufélagið er með heimasíðu, þar sem finna má nýjustu fréttir og upplýsingar um félagið. Á starfsárinu hefur hún reglulega verið uppfærð með fréttum bæði af félaginu en einnig hafa aðrar fréttir úr byggingageiranum ratað þar inn. Heimasíðan var einnig nýtt til að geyma fyrirlestra frá námstefnum og vísað á hana í stað þess að prenta út gögn í möppur. dagskrá aðalfundar skulu a.m.k. vera eftirfarandi málefni:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrsla gjaldkera og samþykkt reikninga.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnarmanna skv. 5. grein.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga.
6. Ákvörðun félagsgjalda fyrir einstaklinga.
7. Önnur mál.

Norrænt samstarf

Steinsteypufélagið er í samstarfi við steinsteypuáhugamenn á hinum Norðurlöndunum. Tvær nefndir eru í gangi. Annars vegar Vísindanefnd Norræna Steinsteypufélagsins (NBFK, Nordisk Betonforskningskomité) sem heldur tvo fundi árlega og hins vegar Norræna Steinsteypufélaginu (NBF, Nordisk Betonforbund) sem heldur einn fund á ári að jafnaði.

Sömu aðilar eru í þessum nefndum árum og jafnvel áratugum saman hjá félögum okkar á Norðurlöndum en við Íslendingarnir erum alltaf að skipta um fólk því sífellt eru að koma nýjrir menn í stjórn í samræmi við útskiptingarreglu félagsins. Til að reyna að koma á meiri stöðugleika ákvað stjórnin að leita til Börge Wigum um að vera fulltrúi í vísindanefndinni um einhver ókomin ár. Börge Wigum sótti einn haustfund



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

vísindanefndarinnar sem haldinn var í Kaupmannahöfn en formaður félagsins og framkvæmdastjóri sóttu einnig fundi beggja nefndanna sem haldinn var í Osló í vor og kynntust þá starfi þeirra. Á þessum fundum er farið í gegnum störf NBFK og NBF, auk þess sem steinsteypufélögin í Norðurlöndunum fimm, þ.e. í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi, segja frá því helsta sem þau eru að fást við hverju sinni. Hjá vísindanefndinni var töluvert verið að ræða Norrænu Vísindaráðstefnuna sem verður haldin í Stokkhólmi í júní 2008 og vísindaritíð sem heitir NCR (Nordic Concrete Research), sem inniheldur Norrænar rannsóknargreinar um steinsteypu. Steinsteypufélag Íslands kaupir 60 eintök af NCR ritinu og sendir stærstu styrktaraðilum félagsins.

Sú hugmynd kom upp og var samþykkt í stjórn félagsins að leita til Steinsteypunefndar um að þeir tilnefni og standi straum af kostnaði við annan fulltrúann í vísindanefndina. Það er eðlilegt því gagnstætt Steinsteypufélaginu þá stundar Steinsteypunefnd rannsóknir og hefur því meira til málanna að leggja í Norrænu vísindanefndinni. Í staðinn muni Steinsteypufélagið fá fulltrúa í Steinsteypunefnd og tillögurétt um verkefni. Samstarf Steinsteypufélagsins og Steinsteypunefndar verði á þennan hátt aukið.

Framundan

Stjórnarmenn hafa sett gróflega niður dagskrá næsta veturs. Ráðgert er að hafa haustfund í byrjun október um ábyrgð í byggingariðnaði og síðan námstefnu seinni partinn í nóvember um ílagnir í gólf. Fréttabréfið verði eins og síðasta ár, veglegt með auglýsingum og Steinsteypudagurinn á svipuðu nótum og 2008 með fjölbreyttu efni fyrir byggingariðnaðinn í heild. Ekki þarf að óttast að vegur Steinsteypunnar minnki við það því steinsteypa virðist alltaf tengjast hvar sem borið er niður í byggingum. Að lokum er stjórn félagsins með í burðarliðnum að standa fyrir vísindaferð til Berlínar þar sem verða skoðaðar verksmiðjur og byggingar. Hugsanlega verður af þeirri ferð á næsta vori.

Annað sem hefur verið rætt í stjórn er að setja á stofn nefndir til að vinna að ákveðum málefnum. Ein slík óformleg hefur hafið störf undir forsæti Guðmundar Guðmundssonar. Hún hefur að markmiði að kanna stöðu steypunnar í vegagerð í framhaldi af hækkun á malbiki í heiminum.

Það eru blikur á lofti í byggingariðnaði um þessar mundir. Erfitt er að átta sig á hvaða áhrif það muni hafa á störf félagsins á næsta starfsári en stjórnin mun að sjálfsögðu breyta áherslum sínum ef ástæða er til.

Að lokum langar mig til að þakka öllum stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Að starfa með þessum hópi hefur verið tóm ánægja og skemmtun. Sem betur fer hefur umræðan ekki verið tóm steypa því ávallt ber helstu mál sem eru á döfinni á góma á stjórnarfundum.



Skýrsla stjórnar Steinsteypufélags Íslands starfsárið 2007 – 2008

30.05.2008

Einar Einarsson formaður